

Ráðstefnan *Löggæsla og samfélagið* við Háskólann á Akureyri 20. febrúar, 2019

Þema: Samskipti lögreglu og borgara



Miðvikudagurinn 20. febrúar, 2019

Fyrri lykilerindið:

Discrimination and Distrust? Young People's Relations with The Police in The Multi-Ethnic City (kl. 9:10-9:50 í N101)

– Anina Schwarzenbach, Harvard háskóli og Harvard Kennedy School's Belfer Center

The burning of the French “banlieues” in 2005 underline the far-reaching consequences of a tense relationship between police and young people in today's ethnically diverse cities, and the necessity to shed light on experiences of discriminations of a group within society that is particularly exposed to police attention. Not only criminality reaches its peak in the age of adolescence and young adulthood, but young people's lifestyle and habits add to the fact that they are particularly exposed to the justice system. The fact that violent youth outbreaks took place in some European cities, but not in others, highlights that the type, frequency and intensity of young people's interaction with the police may vary across time and places.

The relationship of young people with the police is inherently shaped by the context in which interactions take place and affected by historical developments and national policing strategies. At the same times, in today's increasingly multi-ethnic (European) cities, youth-police relationship faces new challenges.

The talk discusses the effects of stop-and-search policing practices on young people's relations with the police in multi-ethnic German and French cities, based on findings from a large school survey. Stop-and-search contacts are among the most controversial police practices that bear the potential to seriously challenge the legitimacy of the police. According to the findings, some juveniles are disproportionately often stopped-and-searched by the police.

On the long term, discriminatory police practices targeting members of minority groups provoke frustration and disappointment among the targeted population and compromise the effectiveness of police work.

21st Century Policing in Los Angeles: Rebuilding Community Trust Through Engagement (kl. 10:00-10:25 í N101)

– Eileen Decker, Kaliforníuháskóli í Los Angeles og Suður-Kaliforníuháskóli

The Los Angeles Police Department (LAPD) strongly embraces the philosophy of Community Policing in all its daily operations and functions. The LAPD has not always had a positive relationship with the community it protects and serves, but has worked hard over the last two decades to re-establish the public's trust by engaging the community in every aspect of its work. The LAPD Community Policing Model is based on a community-police partnership where they share responsibility for identifying, reducing, eliminating, and preventing public safety problems. Through this coordinated effort, the police and community reduce the fear and incident of crime, and improve the quality of life in every neighborhood in the City. The community and police work together as partners to identify and prioritize problems of crime and disorder, and share responsibility for the development and

implementation of proactive problem-solving strategies to address the issues. The presentation will include the sometimes troubling history of policing in LA; court ordered supervision of the LAPD; and the development of a community policing model, community dispute resolution issues, a multi-cultural workforce, civilian oversight of the LAPD, a civilian volunteer program, youth development programs, diversion as an alternative to incarceration, re-entry programs (for those previously incarcerated), gang reduction programs, and public surveys designed to measure success.

Biðin langa (kl. 10:00-10:25 í M101)

– Hrannar Hafberg, Háskólinn á Akureyri

Það eru stjórnarskrárvorin réttindi sakaðs manns, að hann fái úrlausn um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og hlutdrægum dómstóli. Óhæfilegur dráttur við meðferð sakamáls getur því hæglega haft í för með sér brot gegn þessum stjórnarskrárvörðu réttindum sakbornings. Dráttur á máli getur haft ýmis áhrif, þegar reglan um hraða málsmeðferð er brotin, en einhver alvarlegasta birtingarmynd þeirra er sú, ef tafir á meðferð sakamáls leiða til þess, að tiltrú almennings á réttar- og refsivörslukerfinu dvínar. Því kann að vera ástæða til að grafast fyrir um orsakir tafa við meðferð sakamála, einkum hjá lögreglu og ákærvaldshöfum, svo ákvarða megi hvaða leiðir megi fara til að styðja betur við refsivörslukerfið svo það geti sinnt hlutverki sínu, og þá sérstaklega, ef ástæða er til að ætla, að ónægur stuðningur geti leitt til dvínandi trausts og tiltrú almennings á því.

Challenging and Demanding Work: Operative and Organisational Work Demands and Individual and Organisational Resources as Predictors of Health and Work Engagement in the Norwegian Police Service (kl. 10:25-10:50 í N101)

– Lillis Rabbing, Bjørn Lau, Brita Bjørkelo og Knut Inge Fostervold, Norski lögregluháskólinn og Oslóar-háskóli

Purpose: Policing involves stressful and potentially life-threatening work. Potential sources of strain are often divided into operational and organisational demands (Berg et al., 2005; Shane, 2010). Whereas the former (job-specific conditions) may include traumatic events and threats to physical and mental health, shift work, and overtime, the latter (organisation) affects all organisational members regardless of work tasks (police officer, civilian, police lawyer). This research project focuses on specific differences in working conditions that are of importance for mental and musculoskeletal health (MH), work engagement (WE), and mastery of work (MW) in the Norwegian Police Service (NPS).

Design: The present project includes all employees in NPS in a prospective cross-sectional questionnaire design and aims at 1) investigating operative and organisational job demands and organisational and individual resources among different groups, 2) investigating MH, WE, and MW across groups, and 3) examining how demands and resources are associated with MH, WE and MW.

Results: The theoretical framework of the job demand-resource model (JD-R-model) will be applied to explain the results. The results place focus on the specific working conditions in NPS that need to be improved and may be of significance to other agencies.

Limitations: Despite the results having implications for related operative professions, the results from the study may not apply to all organisations.

Originality: The role of the NPS is vital in society, and increasing knowledge of how working conditions may influence actual on-the-job practice is important. The study applies, the JD-R-model, which expands previous research (see e.g., Bakker, Demerouti & Sanz-Vergel, 2014).

Lögreglan og fjöreggið (kl. 10:25-10:50 í M101)

– Þórir Ingvarsson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Notkun Lögreglu á samfélagsmiðlum hófst árið 2010 og hefur lögreglan náð miklum árangri í notkun á mismunandi samfélagsmiðlum. Á sama tíma er upplýsingasamfélagið að taka yfir og aðgengi okkar að upplýsingum hefur margfaldast. En eru meira aðgengi að upplýsingum alltaf betra?

Þórir Ingvarsson fjallar um hvernig notkun lögreglu á samfélagsmiðlum getur skapað samtalsgrundvöll við almenning. Með því að rækta samskipti við hinn almenna borgara getur lögreglan bætt margt í starfi sínu, leiðbeint, fengið upplýsingar, leiðrétt misskilning og margt annað sem ekki var hægt áður með jafn milliliðalausum hætti. Störf lögreglu byggjast á trausti – ef lögreglan býr við mikið traust verður allt starf hennar auðveldara og meiri sátt um verk hennar.

My Friends Keep Me Woke About These Things (kl. 11:00-11:25 í N101)

– Katelynn Towne, Missouri-háskóli og Nebraska-háskóli í Omaha

Social location research has suggested that individual life experience, social biography, and media portrayals are critical to understanding attitudes towards the police (Fiske 1996; Dowler and Zawilski 2007), yet little research has examined what role social media has played on recent attitudes. Media itself serves as a tool for cultural transmission and defining cultural meaning that carries currents of race and gender (Blumler and Katz 1974; Fiske 1996). The research presented will highlight how life experiences with police officers, social biography, and social media experiences shape perceptions of police among college students from the St. Louis, Missouri area (USA). Semi-structured qualitative interviews (n=32) were conducted in the spring of 2018. Content analysis of the interview data revealed experiences with police vary considerably between participants. A number of participants and their friends had intersectional strategies to protect themselves from the risks involved with police interactions. Emotional social media experiences resulted when participants realized their planned strategies did not protect individuals subject to police use of force with demographic identities similar or different from their own. This work adds to the literature on personal and vicarious experiences with police among younger Americans.

Akstur undir áhrifum - er munur á þeim sem teknir eru fyrir ölvun við akstur og þeim sem teknir eru fyrir akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna? (kl. 11:00-11:25 í M101)

– Rannveig Þórisdóttir og Jónas Orri Jónasson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Rannsóknir á ölvun við akstur hafa verið nokkuð tíðar hér á landi, hvort sem er út frá opinberum gögnum eða þolendarannsóknum. Minna hefur hins vegar farið fyrir rannsóknum á þeim sem aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Samkvæmt opinberum gögnum hefur slíkum málum þó fjölgað verulega á síðustu árum á meðan fjöldi tilvika ölvunaraksturs hefur haldist nokkuð óbreyttur. Í þessu erindi verða ökumenn sem teknir voru fyrir akstur undir áhrifum áfengis og/eða ávana- og fíkniefna á höfuðborgarsvæðinu bornir saman. Kannað verður hvort um sé að ræða sama hóp ökumanna eða

aðgreindan hóp, hvort samsetning hópsins hafi tekið breytingum með fjölgun mála og hvernig þróun slysa tengdum akstri undir áhrifum hefur verið þróast. Leitast verður við að skoða niðurstöður í ljósi kenninga afbrotafræðinnar um frávíkshæðun. Upplýsingarnar byggja á gögnum af höfuðborgarsvæðinu sem unnar voru úr gagnagrunni lögreglunnar (LÖKE) yfir tíu ára tímabil (2009 til 2018). Niðurstöðurnar sýna að slysum tengdum ölvunar- eða fíkniefnaakstri hefur ekki fjölgað jafn ört og þessum málum. Eins er ítrekunartíðnin ekki eins há og gera mætti ráð fyrir.

Drug dealing on Social Media: A Nordic Comparative Study (kl. 11:25-11:50 í N101)

– Helgi Gunnlaugsson, Háskóli Íslands

Internet use has changed drug dealing over the past decade owing to the emergence of darknet services. Yet, little is known about drug dealing in public online services. In this talk, findings from a first ever Nordic comparative study on social media drug dealing will be presented.

A qualitative study using online ethnography and semi-structured interviews was conducted in late 2017 into early 2018 in each of the five Nordic nations. The data shows a high degree of drug dealing activity on Facebook and Instagram, as well as on Snapchat and Facebook Messenger. Buyers and sellers also make use of encrypted platforms, such as darknet forums and the Wickr-app on their smartphones.

A short analysis of what characterizes Nordic nations concerning crime policies, particularly drug policies, will also be discussed. A few remarks on how authorities, and police, should respond to this new reality of how drugs are being distributed in society, will be offered as well.

Biggi lögga - reynslusaga (kl. 11:25-11:50 í M101)

– Birgir Örn Guðjónsson, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Í erindi mínu mun ég fjalla um reynslu mína af því að vera opinbera persónan „Biggi lögga“. Hvernig byrjaði þetta allt? Af hverju? Hvað hef ég lært? Myndi ég gera eitthvað öðru vísi í dag? Hvernig hafa samstarfsfélagarnir tekið þessu? Hvernig er að starfa sem lögreglumaður og vera tiltölulega þekktur? Hefur það komið mér í klandur eða hugsanlega hjálpað til? Ég mun reyna að svara þessum spurningum og fleirum þessu tengt er við kemur lögreglunni og samfélaginu.

Tengsl lögreglunnar og samfélagsins hefur verið eitt mitt helsta áhugasvið innan lögreglunnar í mörg ár og ég hef reynt að taka ákveðin og stundum ný skref skref í þá átt að reyna að brúa bilið þarna á milli. Á þessari göngu hef ég lært margt. Ég ætla að reyna að deila þeim lærdómi auk þess sem ég ætla að koma inn á það hvað við lögreglumenn getum sagt opinberlega. Megum við viðra skoðanir okkar yfir höfuð og hvað megum við þá segja?

Það er mín skoðun að lögreglan og samfélagið verði að vera ein órjúfanleg heild. Ef gjá myndast þarna á milli verða störf lögreglunnar erfiðari auk þess sem samfélagið finnur sig óöruggara. Það er því allra hagur að við ígrundum þessi tengsl og stöðu lögreglunnar og tilgang innan samfélagsins. Ég vona að þetta innlegg mitt á þessari þörfu ráðstefnu geri sitt í því.

Seinna lykilerindið:

A Street Corner Education: Police Stops and the Moulding of Normative Values (kl. 12:00-12:45 í N101)

– Ben Bradford, University College London, Jill Dando Institute of Security and Crime Science

Stop and search is one of the most controversial powers vested in the UK police. On the one hand, increases in crime are often met with calls for more a more proactive policing style symbolised and indeed enacted by stop and search. On the other, this power has consistently be found to be disproportionately targeted at people from particular ethnic minority groups. This paper considers a different aspect of this form of police-public interaction, however. Drawing on procedural justice theory, and data from two surveys of young people living London, it explores the ways in which stop and search educates those subject to it - about their relationship with police, their place in society, and how they themselves should behave. While both positive 'lessons' are possible, evidence suggests that stop and search interactions tend to have an overall negative effect. The education that people receive from police is all too often one that inculcates problematic norms and values.

Does labeling matter? (kl. 13:25-13:50 í N101)

– Jón Gunnar Bernburg, Háskóli Íslands

During the past two decades research on the possible effects of criminal labeling on social exclusion and subsequent criminal behavior has grown substantially. In particular, there is been great progress made in the field of longitudinal research aiming to study how events such as arrest or imprisonment impacts the self-image, social ties, educational attainment, employment participation, and later criminal behavior. The talk will discuss the state of the knowledge in this field of study. The review indicates that criminal labeling can have harmful impact on various life-outcomes, and therefore such labeling seems to increase subsequent criminal involvement. This finding contradicts the idea that punishment will somehow reform the person. But we should keep in mind that almost all studies on this topic have been conducted outside of Iceland, particularly in the United States.

Kynferðisleg áreitni og kynjað einelti í lögreglunni: Tíðni, upplifun og leiðir til úrbóta (kl. 13:25-13:50 í M101)

– Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands

Tíðni kynferðislegrar áreitni og eineltis hefur verið kortlögð innan lögreglunnar. Niðurstöður sýna að bæði tíðni og upplifun er ólík meðal ólíkra hópa, þ.e. lögreglukvenna, lögreglukarla og borgaralegra starfsmanna lögreglunnar, kvenna og karla. Í erindinu verða niðurstöður þriggja rannsókna, sem byggja á meginlegum sem og eigindlegum gögnum, kynntar. Niðurstöður eru þær helstar að lögreglukonur og kvenkyns borgaralegir starfsmenn hafa orðið fyrir kynferðislegri áreitni í mun meira mæli en karlkyns starfsbræður þeirra. Lögreglukonur verða frekar fyrir einelti en lögreglukarlar en lítill kynjamunur mældist meðal borgaralegs starfsfólks. Þegar inntak eineltis meðal lögreglumanna er skoðað kemur í ljós að lögreglukonur upplifa frekar útilokun og þvingun en lögreglukarlar. Í eigindlegum viðtölum við lögreglukarla kom fram að inntak eineltis er lítað hefðbundnum og oft skaðlegum karlmenskuhugmyndum og þröngt skilgreindar hugmyndir um æskilega karlmensku virðast ýta undir einelti. Áhersla er lögð á að skoða hvaða þættir það eru í vinnumeningu lögreglunnar sem hugsanlega ýta undir áreitni og einelti og þá með hvaða hætti mætti sporna við þessum þáttum í vinnumeningu lögreglunnar. Að lokum verður því velt upp hvort tíðni þessara fyrirbæra í vinnumeningunni muni minnka með fjölgun lögreglukvenna og þegar ný kynslóð lögreglukarla tekur til starfa.

Preparing for the Real World: The Importance of Inter-Professional Education (IPE) in Police Learning and Development (kl. 14:00-13:25 í N101)

– Andrew Paul Hill, Háskólinn á Akureyri

In 1829, Sir Robert Peel, the British Home Secretary, established what was to become known as the 'New Police' in the United Kingdom. Peel identified nine guiding principles for the new police. Centremost was the principle that „the police are the public and the public are the police“ arguing that the police officers must be recognised as members of the community which they serve and not separate or in some way discreet. Peel understood that the work of the police extended far beyond simple law enforcement. Despite his desire for non-military style service, police officers in the United Kingdom have trained in militaristic institutions, in isolation, for over 170 years. Only relatively recently has police training began to migrate from its military foundations into public education establishments across Scandinavia, Europe, and the United Kingdom. Police recruits now receive a blend of education and training similar to nurses, teachers, and lawyers. Global austerity measures introduced after the economic crash in 2008 has resulted in a real—terms reduction in police numbers in many countries. This has, in part, driven the need for effective partnership working arrangements to become more deeply embedded in the work of the modern police officer. Whilst Inter-Professional Working (IPW) arrangements are becoming the norm; Inter-Professional Education (IPE) which includes student police officers remains rare. This paper will argue that Inter-Professional Education is not a luxury but a necessity for every new police officer in every democracy.

Kynferðisbrotadeild LRH - breytt verklag, bætt þjónusta (kl. 14:00-14:25 í M101)

– Hildur Sunna Pálmadóttir, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Erindið fjallar um breytingar sem gerðar hafa verið á verklagi í kynferðisbrotadeild LRH á síðastliðnu ári. Lýst verður breyttri nálgun á málaflokkinn, með hvaða hætti tekist hefur að auka málshraða án þess að það komi niður á gæðum rannsókna og með hvaða hætti þjónustan hefur aukist við þá sem til okkar leita.

Trust in the Police among Immigrants and Non-Immigrants in Iceland (kl. 14:25-14:50 í N101)

– Guðmundur Oddsson, Markus Meckl og Eyrún Eyþórsdóttir

Public, political and scholarly discourse suggests that immigrants trust the police less than non-immigrants. Prominent theories of trust, however, entail competing propositions about the relationship between immigrant status and trust in the police. Encapsulated interest theory (Hardin 2006) holds that people are most trusting of those with whom they have existing relationships. Thus, it follows that immigrants will, in general, trust the police less than their native-born counterparts, at least in the initial period after migration. In contrast, ontological security theory (Giddens 1991) implies that immigrants may be more trusting of the police than non-immigrants because trust is, in part, a complexity-reducing mechanism under the conditions of late modernity. This study tests competing hypotheses following from these two theories about the effects of immigrant status on trust in the police using brand new survey data (N=5.800), which includes one of the largest survey data sets on immigrants in Iceland to date (N=2.200).

Einkenni og afleiðingar kynferðisofbeldis (kl. 14:25-14:50 í M101)

– Sigrún Sigurðardóttir, Háskólinn á Akureyri

Dr. Sigrún Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, fyrrum lögreglumaður, lektor og formaður framhaldsnámsdeildar í heilbrigðisvísindum við HA, fjallar um niðurstöður rannsókna á einkennum og afleiðingum kynferðisofbeldis. Einstaklingar, sem verða fyrir kynferðisofbeldi, geta upplifað sálrænt áfall sem leitt getur til áfallastreituröskunar og haft alvarlegar heilsufarslegar afleiðingar fyrir líkama og sál til lengri tíma. Einkenni sálræns áfalls geta komið fram strax í kjölfar brots og því er mikilvægt fyrir fagfólk, eins og t.d. lögreglumenn, að þekkja slík einkenni og mögulegar afleiðingar.

Generalized Trust among Icelandic Police Students and the General Population (kl. 15:00-15:25 í N101)

– Guðmundur Oddsson, Háskólinn á Akureyri

Trust facilitates cooperation between the police and citizens. Therefore, the trust of citizens in the police has been studied extensively. Little, however, is known about how well police officers trust citizens and we know even less about the extent to which police students trust their fellow travelers. The literature suggests that police students, like police officers, have a more cynical approach to citizens than the general public. This study examines this assumption by studying generalized trust among first-year police students in Iceland and by comparing it with the general population using data from the 2016 European Social Survey and data from the RECPOL: Recruitment, Education, and Careers in the Police study collected in 2018. The findings support the assumption that police students are more cynical towards citizens than the general public is. What is particularly interesting is how low Icelandic police students score on generalized trust compared to police students in other European countries. This is interesting on several accounts, e.g. Iceland is a comparatively egalitarian, high trust society and the Icelandic public has great trust in the police. The findings must be interpreted with care due to the small sample size (N=93) for Icelandic police students.

Með þarfir þolenda að leiðarljósi (kl. 15:00-15:25 í M101)

– Halla Bergþóra Björnsdóttir, Lögreglan á Norðurlandi eystra

Halla Bergþóra Björnsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi eystra, fjallar um tilraunaverkefni, sem hún hefur staðið fyrir, í samstarfi við Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Héraðssaksóknara og Rannsóknarmiðstöð gegn ofbeldi við HA. Verkefnið er tvíþætt, annars vegar felst það í að veita þolendum kynferðisbrota sálfræðiaðstoð eftir skýrslutöku hjá lögreglu og hins vegar að tilkynna kærendum kynferðisbrota niðurfellingu héraðssaksóknara á máli þeirra í viðtali á lögreglustöð í stað þess að senda þeim bréf eins og venja er.

Lögregla og óparfa harðræði (kl. 15:25-15:50 í N101)

– Ragnheiður Sverrisdóttir, Háskóli Íslands

Lögreglan gegnir veigamiklu hlutverki þegar kemur að öryggi landsmanna. Ég tel að flest okkar hafi jákvæða upplifun gagnvart lögreglu landsins en því miður virðast vera undantekningar á því. Fréttir af harðræði lögreglu eða meintu ofbeldi hafa birst í fjölmiðlum og víðar. Er óparfa harðræði lögreglu raunverulegt vandamál á Íslandi?

Ég lauk MA í félagsfræði haustið 2017 og rannsakaði þá afleiðingar ofbeldis í æsku á heilsu og lífsgæði. Um var að ræða markmiðsúrtak og var rannsóknin unnin með eiginlegum aðferðum. Gagna var aflað með viðtölum við 12 fullorðna einstaklinga sem áttu það sameiginlegt að hafa orðið fyrir ofbeldi af einhverju tagi í æsku. Þátttakendur komu ýmist í gegnum auglýsingar, kunningsskap, snjóboltaúrtak og einnig var fólk sem frétti af rannsókninni og lýsti yfir áhuga á þátttöku.

Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til margvíslegra vandamála viðmælenda á unglings- og fullorðinsárum. En þrátt fyrir að aðstæðurnar hafi verið ólíkar og ofbeldið mismunandi voru afleiðingarnar oft keimlíkar. Einna mest áberandi voru ýmsar geðraskanir, sjálfsvígshugsanir, líkamlegir kvillar og félagsleg vandkvæði. Nokkrir viðmælenda nefndu lögreglu og var upplifunin mismunandi, allt frá því að segja lögreglu hafa bjargað lífi sínu upp í sögur af miklu harðræði af hendi lögreglu. Það sló mig hversu margir treystu ekki lögreglu og töldu að þeir myndu ekki óskar aðstoðar lögreglu ef eitthvað kæmi fyrir.

Mér lék forvitni á að vita hvort þetta væri raunverulegt vandamál hér á landi og ákvað að skoða nánar. Ég mun styðjast við gögn úr MA rannsókninni og að auki þrjú viðtöl til viðbótar.

„Annað áfall ofan á hitt“ (kl. 15:25-15:50 í M101)

– Karen Birna Þorvaldsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Karen Birna Þorvaldsdóttir, BA í sálfræði, MSc í heilbrigðisvísindum og formaður Rannsóknamiðstöðvar gegn ofbeldi við HA, fjallar um niðurstöður rannsóknar, sem hún vann samhliða tilraunaverkefni lögreglustjórans á Norðurlandi eystra, á upplifun og reynslu þolenda nauðgana, sem staðið hafa frammi fyrir því að mál þeirra hefur verið felld niður á ákærvaldsstigi. Tilgangur rannsóknarinnar er fyrst og fremst að öðlast dýpri þekkingu á því hvað í tilkynningar-, kær- og niðurfellingarferlinu veldur þolendum brotanna frekari skaða en brotið hefur þegar gert og hvað má betur fara til að draga úr neikvæðri reynslu og stuðla að velferð þeirra.

Nefnd um eftirlit með lögreglu (kl. 16:00-16:25 í N101)

– Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir og Þorbjörg Inga Jónsdóttir, Nefnd um eftirlit með lögreglu

Nefnd um eftirlit með lögreglu hefur verið starfræk í tvo ár eða síðan í janúar 2017. Á þessum tveimur árum hefur ýmislegt þróast í starfi nefndarinnar, hlutverk hennar er sem fyrr að fylgjast með því að kvartanir og kærur sem beinast að hátterni einstakra lögreglumanna fái meðferð hjá þar til bærum stjórnvöldum. Nefndin hefur ekki rannsóknarheimildir og sér ekki um að leiða mál til lykta en fylgist grannt með því að mál sem undir hana falla fái formlegar lyktir innan kerfisins. Nefndin starfar náð með lögreglustjórum landsins og ákærvaldinu, samskipti hafa almennt verið góð, en í tilvikum er þó svigrúm til úrbóta. Nefndin getur tekið upp að eigin frumkvæði verklag lögreglu og látið í ljós óbindandi álit um slíkt. Nokkuð hefur verið um að nefndin taki upp athuganir að eigin frumkvæði hvað varðar verklag og framkvæmd lögreglunnar. Slík athugun er iðulega uppspretta þess, að við meðferð annarra mála hefur nefndin rekist á einstök atriði er varðar m.a. verkferla og telur þurfa sérstaka athugun af hálfu nefndarinnar.

Við störf nefndarinnar síðastliðin tvö ár hefur reynt á ýmislegt og nefndin hefur tekið eftir því að úrbóta er víða þörf. Þar má nefna atriði líkt og fámenni lögregluembættanna á landsbyggðinni þar sem takmörkuð löggæsla er oft á tíðum og hefur það í för með sér fjölmargar áskoranir fyrir þau embætti. Þá hefur það vakið athygli nefndarinnar að nokkuð er um mál þar sem reynir á þann lagagrundvöll sem

Lögregla byggir á við ákvarðanatöku um frelsissviptingu um skemmri tíma. Í þeim tilvikum sem hafa verið til umfjöllunar hjá nefndinni hefur það vakið athygli vegna þess að í þeim hefur ekki verið glögg á grundvelli, hvaða heimildar frelsissviptingin hefur átt sér stað eða henni viðhaldið. Þá hefur það vakið athygli nefndarinnar að úrbóta er þörf hvað varðar útgáfu samræmdra verklagsreglna og leiðbeininga innan lögreglunnar. Nefndin telur ljóst að umtalsverð tækifæri eru til þess að bæta stjórnábylgju, skilvirkni og verklag lögreglunnar.

Hvernig nær lögreglan til innflytjenda? (kl. 16:00-16:25 í M101)

– Eyrún Eypórsdóttir, Háskólinn á Akureyri

Samskipti lögreglu og ýmissa minnihlutahópa beggja vegna Atlantsála einkennast af margvíslegum áskorunum. Draga má þá ályktun að það sama sé uppi á teningum héraðs enda hefur Evrópunefnd gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) ítrekað gagnrýnt skort á viðbrögðum lögreglu héraðs vegna aukins fjölbreytileika. Einnig má benda á kröfur ýmissa stofnanna og félagsamtaka héraðs um að auka hlut fræðslu um mannréttindi innan lögreglunámsins, sem komu m.a. fram í aðdraganda færslu lögreglunámsins upp á háskólastig árið 2016. Lögreglan þarf að bregðast við þessu nýja landslagi með breyttri hugsun og nýju verklagi. Til að mynda þarf að tryggja upplýsingagjöf til þeirra sem eru ekki íslenskumælandi, auka traust þeirra sem koma frá löndum þar sem lítið traust ríkir til lögreglu, tryggja faglega tulkabjónustu og efla menningarlausni lögreglumanna, geta brugðist við hatursglæpum og hatursorðræðu, svo eitthvað sé nefnt. Í þessu erindi verður fjallað um mögulegar áskoranir í þessum efnum héraðs og velt upp með hvað hætti lögreglan getur brugðist við. Þá verður rýnt í þá fræðslu sem lögreglumenn fá um fjölbreytileika og því velt upp hversu opin lögreglumening er gagnvart fjölbreytileika. Erindið byggir á reynslu höfundar sem lögreglufulltrúi hatursglæpa, tengslum við minnihlutahópa og rannsóknir á viðhorfum og reynslu lögreglumanna til fjölbreytileika héraðs.